



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 7/2014

um niðurfellingu útnefningar Símans sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (áður markaðir 7)

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint smásölumarkað fyrir lágmarksframboð af leigulínum. Nánar til tekið er um að ræða markað sem var númer 7 í eldri tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 14. júlí 2004:

- Smásölumarkaður fyrir lágmarksframboð á leigulínum (áður markaður 7).

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2013, voru drög að greiningu á markaði 7 send til Samkeppniseftirlitsins og fjarskiptafyrirtækja og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og niðurstöðurnar. Samráðinu lauk þann 20. janúar 2014. Samkeppniseftirlitið og Fjarskipti hf. (Vodafone) sendu inn athugasemdir þar sem báðir aðilar lýstu sig sammála niðurstöðum greiningarinnar.

Greiningu á markaði 7 er að finna í viðauka A með ákvörðun þessari.

1. Niðurstaða markaðsgreiningar

PFS hefur skilgreint viðkomandi markað í samræmi við 16. gr. laga um fjarskipti. Þar sem markaðurinn eru ekki lengur í tilmælum ESA um viðkomandi markaði og hans er ekki getið í viðauka með reglugerð um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta nr. 741/2009, var framkvæmt mat skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar á því hvort markaðurinn uppfyllti þau skilyrði sem þarf til þess að til greina komi að beita fyrirfram (ex ante) kvöðum gagnvart fyrirtækjum á markaðinum. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar eru þau skilyrði sem þarf að uppfylla eftirfarandi:

- a. að um sé að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir,
- b. að markaður sé þannig uppbyggður að ekki sé að vænta virkrar samkeppni í nánustu framtíð,
- c. að beiting samkeppnisréttar myndi ekki nægja ein og sér til að bæta úr þar sem markaðurinn hefur brugðist.

Niðurstaða greiningar PFS er sú að markaðurinn uppfylli ekki lengur fyrsta skilyrðið þar sem miklar og viðvarandi aðgangshindranir eru ekki lengur til staðar og því komi ekki til greina að beita kvöðum skv. VII. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003. Ennfremur er ekki lengur ástæða til þess að útnefna fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skv. 18. gr. sömu laga. Varðandi frekari rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu vísast til viðauka A með ákvörðun þessari.

2. Kvaðir á viðkomandi markaði

Með ákvörðun PFS nr. 27/2007 sem birt var í kjölfar markaðsgreiningar þann 14. september 2007 útnefndi PFS Símann með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 7.

PFS lagði kvöð á Símann hf. um skyldu til að veita aðgang að tilteknum leigulínum um land allt á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7). Félagið skyldi tryggja að sú þjónusta, sem hefur verið í boði, stæði áfram til boða í hæfilegan tíma og einungis væri heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur og með fyrirfram samþykki PFS. Jafnframt eru lagðar kvaðir á Símann um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá á viðkomandi smásölumarkaði.

Þar sem niðurstaða greiningar á viðkomandi markaði árið 2013 var sú að markaðurinn uppfyllti ekki lengur skilyrði sem þarf til þess að leggja megi á kvaðir með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta og skuldbindinga skv. EES samningnum mun PFS ekki leggja á kvaðir á markaðinn.

Útnefning Símans sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (áður markaður 7) fellur því niður.

PFS telur mikilvægast að aðgangur sé tryggður yfir tímabil sem örugglega ætti að nægja til aðlögunar. PFS telur að þar sem hægt er að leita til fleiri en eins aðila varðandi smásölu á leigulínum og ekki er um að ræða mikla undirbúningsvinnu þegar skipt er um þjónustuveitanda á einstökum leigulínum, þá þurfi aðlögunartími ekki að vera mjög langur. PFS hefur því ákveðið að kveða á um að kvaðir á Símann á viðkomandi markaði falli niður að liðnum þremur mánuðum frá birtingu ákvörðunar þessarar.

3. Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 23. apríl 2014

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Hafliði Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – Greining á eldri markaði 7.

Viðauki B – Álit Eftirlitsstofnunar EFTA